



Fundargerð 60. fundar stjórnar Reykjanes jarðvangs ses., haldinn 18. júní 2021, kl. 09:00 á Teams (fjarfundur).

Mætt eru: Magnús Stefánsson (formaður), Sigurgestur Guðlaugsson, Árni Sigfússon, Arnbjörn Ólafsson, Fannar Jónasson, Jón Ásgeirsson, Sigrún Ásta Elefsen, Ásgeir Eiríksson

Forföll: Berglind Kristinsdóttir, Hanna María Kristinsdóttir

Starfsmenn: Þuríður Aradóttir Braun

### 1. Yfirferð og staða verkefna Reykjanes Geopark.

Þuríður fór yfir þau verkefni sem hafa verið í vinnslu frá síðasta fundi stjórnar, samkvæmt verkáætlun verkefnastjóra.

Til viðbótar við verkefnalistann hefur Reykjanes jarðvangur sent inn sína fyrstu umsókn til Erasmus+ sem leiðandi aðili. Verkefnið ber heitið Upcycling og snýr að verkefnum og kennslu í loftslags- og umhverfismálum í grunnskólum svæðisins.

Lagt var til að sett verði upp aðgerðaráætlun fyrir verkefnin, þannig að hægt sé að sjá áætlun og stöðuna á þeim hverju sinni. Verkefnastjóra falið að vinna það áfram og leggja fyrir stjórn.

### 2. Minnisblað starfshóps um uppbyggingu eldgosasvæðisins í Geldingadölum, dags. 30. apríl 2021.

Minnisblað starfshóps um uppbyggingu við eldgosasvæðið var lagt fram, þar sem m.a. er lögð fram kostnaðar- og tímaáætlun fyrir þróun, hönnun og gerð gestastofu í Grindavík samhliða uppbyggingu gestastofu í Duus húsum. Niðurstaða á fjármögnun liggur ekki fyrir eða næstu skref því verkefni. Verkefnastjóra er falið að skoða hvernig verkefninu miðar í gerð gestastofu og senda það á stjórn.

Fram kom ábending um að það sé ekkert sem gefi það í skyn að gosið sé í jarðvanginum. Það þyfti að bæta úr því og gera hann sýnilegan, t.d. með skiltum við gönguleiðir. Verkefnastjóra falið að vinna það áfram.

Það liggur fyrir að sveitarfélög setji sér loftslagsstefnu og mætti jarðvangurinn halda utanum það verkefni, það gæti verið jarðvanginum til framdráttar í verkefnum sem eru framundan.

Farið var yfir vinnu við uppbyggingu og viðbragð við gosið sem er sífellt til endurskoðunar og verið er að vinna að uppbyggingu á svæðinu með tilliti til öryggis, vinnu viðbragðsaðila og bregðast við aðstæðum og vörnum fyrir innviði.



3. Afrit af erindi stjórnar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum dags. 06.05.2021 til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins.

Samband sveitarfélaga á Suðurnesjum sendi frá sér erindi til Umhverfis- og auðlindaráðuneytisins um mikilvægi þess að styðja við starfsemi jarðvangsins og þau verkefni sem grípa þarf til í kjölfar elgoss í Fagradalsfjalli. Lagt fram til kynningar.

4. Önnur mál

a. UNESCO Global Geopark Youth Forum

Erindi frá EGN og GGN um tilefningu á fulltrúa í UNESCO Global Geopark Youth Forum var lagt fram til kynningar, auk skýringa á hlutverki slíks fulltrúa.

Reykjanes jarðvangur þarf að tilnefna einn fulltrúa af svæðinu til samstarfsvettvangs Íslenskra jarðvanga, sem fundar næst 29. júní til að ákveða hvaða fulltrúa þau senda fyrir hönd Íslands. Leitað er eftir tillögum frá meðlimum stjórnar og óskað eftir því að tilnefningum sé skilað inn í næstu viku.

Fundarmenn ræddu verkefnið og lögðu til eftirfarandi:

- haft verið samband við jarðvísindadeild HÍ og fleiri deilda þar (t.d. Ferðamálafræði og markaðssfræði) sem endurspeglar víðfem verkefni sem jarðvangurinn vinnur að og óska eftir tillögum um nemendur af svæðinu sem væri hægt að senda í þetta verkefni.
- haft verið samband við Fjölbautarskólann.
- Að leita til Háskóla Íslands og tengiliði jarðvangsins þar, sem hafa verið í sambandi við starfsmenn jarðvangsins um ýmis verkefni.
- hafa samband við íþróttá- og tómstundafulltrúa sveitarfélaganna sem þekkja vel til ungmenna svæðanna.

Verkefnastjóra og formanni falið að vinna áfram tillögur frá fundarmönnum.

b. Loftslagsstefna Suðurnesja.

Stjórn Reykjanes jarðvangs leggur til að mótun loftslagsstefnu Suðurnesja verði fundinn farvegur hjá Reykjanes jarðvangi og verkefnið verði unnið á þeim samstarfsvettvangi sem nú þegar hefur verið byggður upp út frá sérstöðu svæðisins.

c. Næsti fundur stjórnar

Stjórn jarðvangsins fundar aftur 20. ágúst, vegna sumarleyfa.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 9.55

Fundargerð ritaði: Þuríður Aradóttir Braun

*Þuríður Aradóttir Braun*  
*Þuríður Aradóttir Braun*  
*Þuríður Aradóttir Braun*  
*Þuríður Aradóttir Braun*

*Þuríður Aradóttir Braun*  
*Þuríður Aradóttir Braun*